

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1-3
101 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 4. september 2020

Umsögn Landverndar um Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, mál nr. 169/2020

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér ofangreind áform og styður þær breytingar sem fyrirhugað er að gera. Stjórnin vísar til umsagnar sinnar um áform sem drög þessi byggja á (dags. 14. ágúst)¹.

Stjórn Landverndar vill ítreka það sem fram kom í umsögn samtakanna frá 14. ágúst 2020 um náttúruminjaskrá og frest Umhverfisstofnunar til þess að skila tillögum til ráðherra. Núverandi tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands hafa verið til meðferðar hjá Umhverfisstofnun í rétt tæplega 2 og hálf ár og enn hefur tillögunum ekki verið skilað til ráðherra þannig að hann geti lagt þær fyrir Alþingi.

Landvernd ítrekar einnig sjónarmið sín um að heimildir til þess að veita undanþágur frá friðlýsingarskilmálum verði hertar.

Í áformunum sem kynnt voru í samráðsgátt í ágúst var einnig rætt um að setja á viðtækara bann við losun úrgangs sem Landvernd styður heilshugar en virðist ekki vera hluti af núverandi frumvarpsdrögum. Landvernd hvetur til þess að þær tillögur verði aftur settar inn.

Að skerpa á skyldu um kortlagningu víðerna er mjög þarft. Stjórn Landverndar styður þá útfærslu sem er í lögnum að þetta sé á ábyrgð ráðherra.

Landvernd telur fyrirhugaðar breytingar á náttúruverndarlögum vera til bóta.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

¹ Landvernd (2020). *Nauðsynlegt að stytta umsagnartíma friðlýsinga*. sótt af <https://landvernd.is/naudsynlegt-ad-stytta-umsagnartima-fridlysinga/> 4. sept 2020